

Þingeyjarsveit
b/t Guðjón Vesteinsson
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík 1. mars 2019
UST201902-110/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Þeistareykjavirkjun – Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjasveitar er barst 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Þeistareykjavirkjun í Þingeyjarsveit.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í færslu á veglínu á um 6,6 km kafla á Þeistareykjavegi syðri sem er á suðurhluta skipulagssvæðis A. Auk þess kemur fram að breytingin felst í því að færa áformað borsvæði (B-P) niðurrenslissvæði.

Í greinargerð kemur einnig fram að skilgreindur verður áningarstaður fyrir bílastæði undir smábíla og rútur, þjónustubyggingu með salernum og fyrir listaverk.

Þeistareykjavegur syðri

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að vegurinn liggi meðfram og nálægt núverandi slóða, en breytingartillagan gerir ráð að veglínan verði færð af ræktuðu landi yfir á eldhraun.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra jarðminja sem taldar eru upp í 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufríbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar er sú að tillagan sýni ekki fram á nægilega sterk rök sem réttlætir röskun á ofangreindu verndarsvæði sem skipulagstillagan nær til. Umhverfisstofnun leggur til að fyrirhuguð veglína liggi í núverndi slóða eins og kostur er og deiliskipulag haldist óbreytt hvað veglínu varðar, til að forðast allt frekara jarðraska á landinu. Auk þess leggur Umhverfisstofnun til að reiðleið verði við hliðina á fyrirhuguðum vegi innan veghelgunarsvæðis.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint fer stofnunin fram á það, með vísan til 5. mgr. 61. gr., að leyfisveitandi rökstyðji þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Borsvæði

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við færslu á niðurrenslissvæði á þeim forsendum jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd verði ekki raskað.

Áningarstaður

Í greinargerð er gert ráð fyrir heimild fyrir þjónustubyggingu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það fram komi í tillögunni stærð byggingar, mænishæð og að staðsettur verður byggingareitur fyrir bygginguna.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi gesta sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustu- byggingar og áningarstaða, sem og umfang göngustíga.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur